



Skólaráð Tjarnarskóla
fundargerð 16. fundar sem var „opinn fundur“
(4. fundur á skólaárinu 2013-2014)

Skólaráðið stóð fyrir opnum fundi í skólanum 19. maí. Gestir fundarins voru Hermann Jónsson, Selma og Andri frá samtökunum Erindi.

Á fundinn voru allir nemendur og aðstandendur boðaðir ásamt kennurum skólans. Fundarsókn var fremur dræm en um 15 manns voru á fundinum.

Hópurinn hefur vakið athygli fyrir umfjöllun um spennandi heim netsins; neikvæða og jákvæða notkun netmiðla meðal barna og unglinga. Þau kynntu fyrir fundarmönnum ýmsar netsíður og forrit sem unglingar sækja og nota mest í dag en átta sig ekki alltaf á þeim hættum sem leynast þar. Í kjölfarið voru umræður í litlum hópum sem skiluðu umræðupunktum og tillögum sem verða hafðar til hliðsjónar við skipulagningu skólastarfsins næsta vetur.

Umræðupunktar:

Umfjöllunin hér á undan vakti upp ýmsar vangaveltur.

1. Hvað fannst ykkur áhrifamest í því sem kom fram hér á undan og hvaða skilaboð þurfum við að senda áfram til þeirra sem hafa ekki fengið þessa fræðslu?
2. Hvaða reglur ættu að gilda í skólanum um síma? Hvaða viðurlög þurfa að vera til staðar?
3. Nú er það svo að nýja sí mavæðingin eykur til muna möguleikana á því að njóta tækninnar en ekki síður hættu á að tæknin sé notuð á neikvæðan hátt. Hvaða tillögur hafið þið um hvernig auka megi jákvæð samskipti með þessari tækni?

Ágætar umræður áttu sér stað um þessa punkta og fleira sem kom fram í umfjöllun þeirra þremmeninga.

MT